



## Starfsreglur um sérkennslu í leikskólum Kópavogs

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og annast, að ósk foreldra, um uppeldi og menntun barna undir skólaskyldualdri. Markmiðið í lögum um leikskóla frá 2008 er *“að í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.”* *“Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og Skólalþjónustu skv. 21. gr. 2008.”*

**Markmiðið** með sérkennslu í leikskólum er að:

- Tryggja að börn með þroskaraskanir, tilfinninga- og eða félagslega erfiðleika fái notið leikskólavalar sinnar.
- Skapa aðstöðu til að þau geti þroskast sem best í leikskólanum.

Kennslan skal taka mið af þörfum hvers barns og vera í nánú samráði við foreldra.

Börn í leikskólum læra mest og best í leik með öðrum börnum undir handleiðslu leikskólakennara. Það á ekki síður við um þau börn sem hér um ræðir en önnur.

Sérkennsla fer því að jafnaði fram í barnahópnum þar sem félagsleg samskipti barnanna er talinn mikilvægur þáttur í sérkennslunni.

**Sérkennsluþjónusta skiptist í tvennt:**

- **Leikskólaskrifstofa.** Hlutverk stoðþjónustu á leikskólaskrifstofu er að veita starfsmönnum leikskóla og foreldrum barnanna eftir því sem við á, ráðgjöf vegna náms og dvalar barnsins í leikskólanum. Einnig að hafa milligöngu um að vísa börnum til frekari greiningar og meðferðar hjá öðrum sérfræðingum, sé þess þörf. Leikskóla Kópavogs veitir starfsmönnum einkarekinna leikskóla í bæjarfélaginu ráðgjöf sé þess óskað. Sérkennslufulltrúi metur þörf á sérkennslutímum í samræmi við starfsreglur og ráðinn er stuðningsaðili í hlutfalli við það.
- **Leikskólar.** Hlutverk sérkennslu í leikskóla er að veita einstökum börnum eða leikskóladeildum þá aðstoð sem nauðsynleg er í samræmi við markmið í þessum reglum svo og lög og reglugerðir.